# Lög

## um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

---

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er orðast svo: til nota á bifreiðir í eigu björgunarsveita. Með björgunarsveit er átt við sjálfboðaliðasamtök sem hafa björgun mannslífa og verðmæta að aðalmarkmiði.
b. Í stað orðanna „og 7. tölul.“ í 3. og 5. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.
c. Í stað orðanna „7. tölul.“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.

2. gr.

Í stað orðanna „7. tölul.“ í 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: 7. og 8. tölul.

3. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 1. málsl. 7. mgr. 20. gr. laganna kemur: 4. mgr.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum, sbr. lög nr. 126/2005, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum, sbr. lög nr. 136/2005, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 13. gr. laganna skal fjárhæð sérstaks kílómetragjalds vera sem hér segir frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006:

| Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg | Sérstakt kílómetragjald, kr. | Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg | Sérstakt kílómetragjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 5.000–6.000 | 8,45 | 18.001–19.000 | 22,31 |
| 6.001–7.000 | 9,14 | 19.001–20.000 | 23,32 |
| 7.001–8.000 | 9,84 | 20.001–21.000 | 24,33 |
| 8.001–9.000 | 10,54 | 21.001–22.000 | 25,34 |
| 9.001–10.000 | 11,23 | 22.001–23.000 | 26,35 |
| 10.001–11.000 | 12,22 | 23.001–24.000 | 27,36 |
| 11.001–12.000 | 13,52 | 24.001–25.000 | 28,37 |
| 12.001–13.000 | 14,82 | 25.001–26.000 | 29,38 |
| 13.001–14.000 | 16,11 | 26.001–27.000 | 30,39 |
| 14.001–15.000 | 17,41 | 27.001–28.000 | 31,40 |
| 15.001–16.000 | 18,71 | 28.001–29.000 | 32,41 |
| 16.001–17.000 | 20,00 | 29.001–30.000 | 33,42 |
| 17.001–18.000 | 21,30 | 30.001–31.000 | 34,43 |
| | | 31.001 og yfir | 35,44 |

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 3. júní 2006.*